

ÁRSSKÝRSLA  
2012



Heilbrigðisstofnun Vesturlands

# ÁRSSKÝRSLA 2012

**Umsjón með útgáfu/  
hönnun/umbrot**  
Rósa Mýrdal

**Ljósmyndir**  
G. Bjarki Halldórsson  
<http://www.flickr.com/bjarkih/>  
<http://www.bjarkih.org/>

**Forsíðumynd**  
G. Bjarki Halldórsson  
Myndin er tekin á Djúpalónssandi

# EFNISYFIRLIT

Pistill forstjóra	" 4
Skipurit	" 5
Stjórn og stjórnendur	" 6
Þættir úr starfsemi	" 8
<b>Heilsugæsla</b>	" 14
Heilsugæslustöð HVE Akranesi	" 16
Heilsugæslustöð HVE Borgarnesi	" 17
Heilsugæslustöð HVE Búðardal	" 18
Heilsugæslustöð HVE Grundarfirði	" 19
Heilsugæslustöð HVE Hólmavík	" 20
Heilsugæslustöð HVE Hvammstanga	" 21
Heilsugæslustöð HVE Ólafsvík	" 22
Heilsugæslustöð HVE Stykkishólmi	" 23
<b>Sjúkrahús</b>	" 24
Sjúkrahús HVE Akranesi	" 25
Sjúkradeild HVE Hólmavík	" 30
Sjúkradeild HVE Hvammstanga	" 31
Sjúkrahús HVE Stykkishólmi	" 33
<b>Ársreikningur 2012</b>	" 37

# FRÁ FORSTJÓRA

Allt fram streymir og árið 2012 er gengið sinn veg. Einhverjir í hópi þeirra sem lifa og hrærast á vettvangi heilbrigðisþjónustu horfa í bland til þess með lítilli eftirsjá. Öðrum og áreiðanlega flestum okkar er hvert ár sem lifað er dýrmætt og það er mála sannast. Daglegt amstur á vettvangi starfsins fellur í skugga þess.

Starfsmönnum Heilbrigðisstofnunar Vesturlands var falið mikilvægt og erfitt verkefni á árinu 2012, þ.e. enn og aftur að beita sér fyrir góðri heilbrigðisþjónustu um allt starfssvæðið við mjög skerta fjármuni til starfseminnar. Þetta tókst með samstilltu átaki, miklum undirbúningi, erfiðum ákvörðunum og stöðugri eftirfylgni.

Kröfur stjórnvalda voru skýrar og afdráttarlausar við þessar aðstæður. Heimildir á fjárlögum fyrir árið skyldu nægja til starfseminnar og ekki væri frekari fjárveitinga að vænta. Verkefni HVE var ærið við þessar kringumstæður þar sem áætlanir fyrra árs höfðu farið úr skorðum. Nálágast þyrfti markmið um jöfnuð með enn beittari hætti. Því var ráðist í veigamiklar skipulagsbreytingar á stærstu starfseiningu stofnunarinnar, á Akranesi og starfsemi öldrunarlækningadeildar sameinuð lyflækningadeild og starfsmönnum fækkað um á þriðja tug við lokun deildarinnar. Hluti starfsmanna fékk þó starf að nýju við breyttar aðstæður. Þetta var umfangsmikil aðgerð sem fékk mjög á okkur öll sem nærri komu. Að mati framkvæmdastjórnar stofnunarinnar var hins vegar óumflýjanlegt að stíga þessi þungu spor. Sárindalaust var það ekki en raunhæft til lengri tíma lítið í ljósi þróunar á sviði hjúkrunarþjónustu aldraðra. Ákjósanlegra hefði þó verið að geta þrepað starfsemi deildarinnar niður í hægari skrefum en svigrúm til þess var ekkert.

Árið 2012 var að öðru leyti viðburðaríkt og jákvætt á margan hátt innan vébanda HVE og starfsemin á ýmsan veg blómleg. Stofnunin hafði á að skipa sem fyrr afar hæfu starfsfólki sem hélt tryggð við vinnustað sinn á stíðum tímum. Fyrir það erum við stjórnendur þakklátir.

Á vordögum var komið að starfslokum Steinunnar Sigurðardóttur, framkvæmdastjóra hjúkrunar og rekstrar eftir nærfellt 30 ára farsæl stjórnunarstörf. Með Steinunni hverfur af starfsvettvangi einn reyndasti hjúkrunarstjórnandi á Íslandi sem ávann sér á ferlinum traust starfsfólks og stjórnenda í heilbrigðisþjónustu langt út fyrir raðir stofnunarinnar. Einkenni hennar í starfi voru afdráttarlausar skoðanir, skýr viðhorf til starfsins og starfsmanna, heiðarleiki og sanngirni, gáski og síðast en ekki síst smitandi kímni sem alltaf er dýrmæt, ekki síst í andbyr. Við samstarfsfólkið kveðjum hana með þakklæti fyrir afar góð kynni og þátttöku í mikilvægum uppbyggingarstörfum.

Auðvitað var það áhyggjuefni að horfa á bak litríkum stjórnanda. Áhyggjur fuku hins vegar út í veður og vind við ráðningu Jóhönnu Fjólu Jóhannesdóttur úr hópi sjö umsækjenda. Jóhanna Fjóla hefur yfirgripsmikla þekkingu, góða menntun og reynslu á öllum stigum hjúkrunarstarfa. Hún þekkir starfsvettvanginn út í hörgul og hefur starfað á Akranesi um árafjöld. Það hefur því verið einkar ánægjulegt og uppörvandi að starfa við hlið hennar þetta ár. Hún hefur tekið verkefni sín föstum tókum, af ábyrgð og einurð. Það hefur verið sérstakt gleðiefni undirritaðs hversu mikla rækt hún sýnir strax starfsstöðvum okkar utan Akraness og hversu áhugasöm hún er um heildarhagsmuni HVE sem eru okkur stjórnendum ofarlega í huga allar stundir.

Engin ástæða er fyrir okkur starfsmenn HVE annað en horfa með bjartsýni til komandi tíma. Ljóst er að fjárhagslegir erfiðleikar munu enn um sinn einkenna þjóðfélagið og opinbera umsýslu. Mikilvægt er að við höldum einbeitingu og verðum þess albúin að styrkja veika hlekki þjónustunnar að nýju við fyrsta tækifæri sem gefst. Á það er lögð mikil áhersla í áætlanagerð stofnunarinnar og í þeim skipulagsbreytingum sem blasa við í nútíð og náinni framtíð.

Að lokum leyfi ég mér að þakka samstarfsfólki fyrir ánægjulegt og krefjandi ár í blíðu og stríðu með ósk um að óvissir tímar færi okkur jákvæð tækifæri og uppbyggileg verkefni í þágu velferðar íbúa á starfssvæði HVE

Guðjón S. Brjánsson  
forstjóri

# SKIPURIT HVE



**GILDI HVE**  
**VIRÐING**  
**TRAUST**  
**FAGMENNSKA**

# STJÓRN OG STJÓRNENDUR

## Framkvæmdastjórn

Forstjóri	Guðjón S. Brjánsson
Framkvæmdastjóri lækninga	Pórir Bergmundsson
Framkvæmdastjóri hjúkrunar	Steinunn Sigurðardóttir fram í apríl 2012 Jóhanna Fjóra Jóhannesdóttir frá apríl 2012
Framkvæmdastjóri fjármála	Ásgeir Ásgeirsson

## Aðrir stjórnendur

Sviðsstjóri lækninga á heilsugæslusviði	Linda Kristjánsdóttir
Sviðsstjóri hjúkrunar á heilsugæslusviði	Rósa Marinósdóttir
Svæðisfulltrúi	Guðmundur Haukur Sigurðsson
Svæðisfulltrúi	Jóhann Björn Arngrímsson
Verkefnastjóri þróunar- og gæðamála	Jóhanna Fjóra Jóhannesdóttir til apríl 2012
Verkefnastjóri tækni- og búnaðarmála	Halldór Hallgrímsson
Yfirlyfjafræðingur	Ingveldur Sverrisdóttir
Fagstjóri endurhæfingar	Hrefna Frímansdóttir
Fagstjóri lækna- og læknafræðingur	Rósa Mýrdal
Fagstjóri myndgreiningar	Gróa G. Þorsteinsdóttir
Fagstjóri rannsóknarþjónustu	Hafðís Bjarnadóttir
Fagstjóri sjúkraflutninga	Gísli Björnsson

## Heilsugæsla

HVE Akranes heilsugæsla	Reynir Þorsteinsson yfirlæknir Ragnheiður Björnsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Borgarnes heilsugæsla	Linda Kristjánsdóttir yfirlæknir Rósa Marinósdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Búðardalur heilsugæsla	Þórður Ingólfsson yfirlæknir Ásgerður Jónsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Grundarfjörður heilsugæsla	Þorsteinn Bergmann yfirlæknir Dagný Ósk Guðlaugsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Hólmavík heilsugæsla	Guðmundur Sigurðsson yfirlæknir Anna Guðlaugsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Hvammstangi heilsugæsla	Geir Karlsson yfirlæknir Helga Hreiðarsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Ólafsvík heilsugæsla	Fanný Berit Sveinbjörnsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Stykkishólmur heilsugæsla	Kristinn Logi Hallgrímsson læknir Brynja Reynisdóttir yfirhjúkrunarfræðingur

# Sjúkrahús

Handlækningadeild HVE Akranesi	Fritz H. Berndsen yfirlæknir Guðjóna Kristjánsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Kvennadeild HVE Akranesi	Edward Kiernan yfirlæknir Anna Björnsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Lyflækningadeild HVE Akranesi	Sigríður Þ. Valtýsdóttir yfirlæknir Valdís Heiðarsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Öldrunarlækningadeild HVE Akranesi	Sigríður Þ. Valtýsdóttir yfirlæknir Pórlína Sveinbjörnsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Skurð- og svæfingadeild HVE Akranesi	Björn Gunnarsson yfirlæknir Guðrún M. Halldórsdóttir hjúkrunardeildarstjóri Kristjana Kristjánsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Slysa- og göngudeild HVE Akranesi	Fritz H. Berndsen yfirlæknir Guðríður Guðmundsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Myndgreiningardeild HVE Akranesi	Gróa G. Þorsteinsdóttir deildarstjóri
Rannsóknarstofa HVE Akranesi	Eyjólfur Harðarson deildarstjóri
Læknaritaramiðstöð HVE Akranesi	Rósa Mýrdal deildarstjóri
Endurhæfingardeild HVE Akranesi	Ingibjörg Óskarsdóttir deildarstjóri Sigrún Ásmundsdóttir deildarstjóri
Afgreiðsludeild HVE Akranesi	Ingibjörg Finnbogadóttir deildarstjóri
Eldhús HVE Akranesi	Svavar Garðarsson deildarstjóri til 31.10.2012 Bjarni Þór Ólafsson frá 01.11.2012
Ræsting HVE Akranesi	Jóna María Örlaugsdóttir deildarstjóri
Viðhalds- og tæknideild HVE Akranesi	Halldór Hallgrímsson deildarstjóri
Sjúkraflutningar HVE Akranesi	Gísli Björnsson deildarstjóri
Sjúkradeild HVE Hólmavík	Guðmundur Sigurðsson yfirlæknir Anna Guðlaugsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Sjúkradeild HVE Hvammstanga	Geir Karlsson yfirlæknir Guðrún Benónýsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Sjúkradeild HVE Stykkishólmi	Jósep Ó. Blöndal yfirlæknir Hrafnhildur Jónsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Háls- og bakdeild HVE Stykkishólmi	Jósep Ó. Blöndal yfirlæknir Hrafnhildur Jónsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Endurhæfingardeild HVE Stykkishólmi	Hrefna Frímannsdóttir deildarstjóri
Rannsóknarstofa HVE Stykkishólmi	Hafdís Bjarnadóttir deildarstjóri



# ÞÆTTIR ÚR STARFSEMI

## Reksturinn

Það gekk enginn að því gruflandi að starfsárið 2012 yrði þungt í skauti þeirra sem gegna verkefnum á sviði heilbrigðisþjónustu. Hvarvetna reyndi verulega á stjórnendur og starfsmenn og vettvangur Heilbrigðisstofnunar Vesturlands var þar engin undantekning. Þegar lítið er um öxl, þá farnaðist stofnuninni allvel í þrengingum sínum. Framkvæmdastjórn tókst í meginatriðum vel með dyggum stuðningi samstarfsfólks að framfylgja rekstraráætlun miðað við þær forsendur sem fyrir lágu af hálfu stjórnvalda. Til þess að þetta tækist reyndist nauðsynlegt að grípa til róttækra aðgerða strax í upphafi árs til að koma rekstri stofnunarinnar í jafnvægi eftir erfitt ár 2011. Óhætt er að segja að starfsfólk hafi staðið sig með miklum sóma að lausn verkefna sinna við erfiðar aðstæður í fjölmörgum tilvikum. Margir lögðu á sig aukið álag til að takast mætti að halda uppi þjónustu yfir sumarmánuðina. Þeim sem öðrum starfsmönnum eru færðar bestu þakkir fyrir góð störf á árinu.

## Starfsemin

Stofnunin hefur þurft að færa talsvert miklar fórnir á undanförunum árum og ekki síður á árinu 2012 þegar gripið var til þess ráðs á vormánuðum að loka öldrunarlækningadeildinni á Akranesi í hagræðingarskyni. Þetta var sársaukafull aðgerð sem reyndi mikið á starfsmenn og stjórnendur HVE. Á deildinni störfuðu 23 hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar, flestir í hlutastörfum. Tíu fengu áframhaldandi vinnu frá hausti og tveir fengu tímabundna vinnu. Allar nema einn sem störfuðu í bítibúri og ræstingu fengu áframhaldandi starf.

Leitað var nýrra leiða til að koma starfsemi öldrunarlækningadeildar yfir í annað þjónustuform. Verulegur hluti starfseminnar færðist þó yfir á lyflækningadeildina á Akranesi. Í þessu augnamiði hófst þjónusta á sviði endurhæfingar á göngudeild í september, hliðstætt þeirri sem áður var í boði með sólarhringsdvöl á öldrunarlækningadeild. Um er að ræða sérhæfða endurhæfingu fyrir eldri borgara sem búa heima og eru með miðlungs skerta færni. Markmiðið er að styrkja þá til áframhaldandi búsetu á eigin heimili. Fagteymi ber ábyrgð á endurhæfingunni og metur heilsufar fólksins og færni. Teymið er skipað lækni, sjúkraþjálfurum, iðjuþjálfara og hjúkrunarfræðingum frá göngudeild og heimahjúkrun. Í upphafi meðferðar fara fram viðtöl við lækni og hjúkrunarfræðing, þar sem farið er yfir heilsufarsupplýsingar og í framhaldi metið hvaða rannsóknir eru gerðar. Læknir og hjúkrunarfræðingur fylgjast síðan með viðkomandi eftir þörfum meðan á endurhæfingu stendur. Þessi nýja þjónusta hefur mælst vel fyrir.

Þann 1. maí var starfsemi slysa- og aðgerðastofu á Akranesi breytt í samræmi við stefnu stofnunarinnar um að efla dag- og göngudeildarþjónustu. Fyrir breytinguna annaðist deildin slysa- og bráðamóttöku, speglafrí, minni aðgerðir og sérhæfða sármeðferð. Við breytinguna var húsnæðið stækkað og bætt við sérútbúnu herbergi með meðferðarstólum fyrir sjúklinga sem koma m.a. til lyfja- og blóðgjafar. Þá heyrir starfsmannaheilsuvernd, hluti þjónustu við sjúklinga í öldrunarendurhæfingu, hjartalínurit, áreynslupróf, sólarhringshjartalínurit (Holter) og öndunarpróf einnig undir nýju deildina.

Frá því í apríl 2011 hefur verið starfandi nefnd á vegum velferðarráðherra um endurskoðun starfseminnar HVE í Stykkishólmi og heilbrigðisþjónustu á Snæfellsnesi. Nefndin hefur að sínu leyti lokið störfum og að nokkru leyti hefur tillögum verið hrint í framkvæmd þótt ekki hafi enn tekist að ljúka áföngum í samræmi við framkomnar tillögur. Unnið er að samræmingu vaktþjónustu lækna á Snæfellsnesi ásamt sjúkraflutningum á



svæðinu. Í tillögum starfshópsins eru jafnframt lagðar til breytingar á starfsemi HVE í Stykkishólmi og mörkuð stefna um starfsemi háls- og bakdeildar ásamt því að kannaður verði fýsileiki þess að flytja hjúkrunarheimilisþjónustu undir þak stofnunarinnar að Austurgötu. Skipaður var verkefnahópur sem vinna skyldi tillögur að innra skipulagi hjúkrunarheimilis í þessu skyni.

Í framhaldi af þessari vinnu undirritaði velferðarráðherra viljayfirlýsingu í júlí um endurskipulag og innréttingu á húseign HVE í Stykkishólmi. Fyrir liggja nú frumdrög teikninga sem gera ráð fyrir áframhaldandi starfsemi heilsugæslustöðvarinnar í húsinu, háls- og bakdeild og móttöku sjúkra. Gert er ráð fyrir að meginhluti húsnæðisins á annarri, þriðju og fjórðu hæð fari undir fimmtán íbúða hjúkrunarheimili og fimm dvalarheimilisíbúðir. Tímasetningar hafa ekki verið ákveðnar.

Á Hvammstanga fékkst heimild ráðuneytis til þess að styrkja enn frekar dagvistarþjónustu aldraðra í tengslum við stofnunina. Tvö ný dagvistarrými fengust frá 1. apríl 2012 og jók það tekjur dagvistunar og létti róðurinn á erfiðum tímum. Samstarfssamningur við sveitarstjórn Húnaþings vestra um dagvistarþjónustu var jafnframt endurskoðaður og endurnýjaður í framhaldi þess.

Sumarleyfismánuðir í starfsemi heilbrigðisstofnana eru stjórnendum jafnan erfiðir þar sem byggja þarf á afleysingafólki að verulegu leyti. Misjafnlega hefur gengið að finna lausnir í þessum eignum en með samstilltu átaki starfsmanna tókst að halda uppi viðunandi þjónustu yfir sumartímamann 2012 þrátt fyrir fjölbættan ytri vanda. Lyflækninga- og handlækningadeildir HVE á Akranesi voru sameinaðar í 6 vikur frá 22. júní til 7. ágúst. Þetta var styttri tími en undanfarin ár vegna aukins sjúklíngafjölda og aukinnar hjúkrunarþyngdar á lyflækningadeild eftir lokun öldrunarlækningadeildarinnar. Samkvæmt venju lokaði háls- og bakdeild HVE í Stykkishólmi í 2 mánuði vegna sumarleyfa. Ákvörðun var tekin um að loka sjúkradeild HVE í Stykkishólmi í 7 vikur frá 15. júní til 7. ágúst vegna fjárskorts. Andstaða var í Stykkishólmi gegn því að hjúkrunarsjúklingar yrðu fluttir á Akranes líkt og fyrra ár. Í samræði við bæjaryfirvöld var ákveðið að leysa vistun tveggja hjúkrunarsjúklinga sem ekki gátu útskrifast heim með því að færa þá á Dvalarheimili aldraðra þennan tíma. Á sjúkradeild HVE á Hvammstanga var engin lokun en þar var talsvert meira álag vegna aukins fjölda inniliggjandi sjúklinga. Á sjúkradeild HVE á Hólmavík var engin lokun.

Í lok ágúst 2012 var undirritaður nýr samningur við Landspítala um úrlestur röntgenmynda fyrir HVE en samningi þessa efnis hafði verið sagt upp af hálfu LSH um vorið. Samningurinn hefur í för með sér allmikinn kostnaðarauka og kallar á skipulagsbreytingar á röntgendeild HVE til að mæta honum.

Ný innkaupastefna fyrir HVE leit dagsins ljós á árinu. Kjarninn í henni er sá að innkaup skuli fylgja ákvæðum laga og reglna um innkaup hins opinbera. Þannig séu innkaupareglur skýrar og gagnsæjar og framkvæmd innkaupa markviss og skipulögð. Innkaupin séu samræmd fyrir einstakar deildir eins og kostur er og við innkaup skuli taka tillit til gæða, umhverfissjónarmiða, verðlags og þjónustu birgja. Stuðlað sé annars vegar að eðlilegri samkeppni í viðskiptum og jafnframt skuli gæta jafnræðis.

Skipulagsbreytingar voru gerðar á starfsemi eldhúss og mötuneytis HVE á Akranesi á síðari helmingi ársins. Af þessum ástæðum var ráðningarsamningurinn við allt starfsfólk sagt upp og endurráðið í ný störf í samræmi við áætlanir um nýtt skipulag frá 1. nóvember. Nýr yfirmaður eldhúss, Bjarni Þór Ólafsson, var ráðinn til starfa og hefur hann beitt sér fyrir ýmsum umbótum í kjölfar þess. Opnunartími var stytur, verklagi að ýmsu leyti breytt og innihald matseðla endurskoðað.

Á árinu voru tvö merkisafmæli innan stofnunarinnar. Þann 4. júní voru 60 ár liðin frá opnun sjúkrhússins á Akranesi og þess var minnst með veislumat í hádegi og kaffisamsæti síðdegis. Þann 6. október voru 20 ár



liðin frá opnun háls- og bakdeildarinnar í Stykkishólmi. Af því tilefni var haldinn afmælisfagnaður í húsakynnum HVE í Stykkishólmi þann 9. nóvember að viðstöddu fjölmenni. Í framhaldi af því skipaði Landlæknisembættið í desember átta manna samráðshóp um greiningu og meðferð langvinnra verkja í hálsi og baki undir forystu Jóseps Ó. Blöndal yfirlæknis HVE Stykkishólmi sem skyldi skila álitserð þann 1. apríl 2013.

## Mannauðsmál

Læknaliðun heilsugæslunnar innan HVE stendur tæpt líkt og annars staðar á landinu. Nýliðun er lítil enn sem komið er þrátt fyrir fjölgun á námsstöðum.

Á Akranesi starfa að jafnaði fjórir heilsugæslulæknar. Þann fimmta vantar nauðsynlega til að stytta biðtíma eftir þjónustu og til að leysa af í sumar-, náms- og frítökuréttarfríum. Í byrjun maí var skipulagi bakvakta heilsugæslulækna breytt þannig að frá mánudegi til fimmtudags fellur vaktin niður frá kl. 23.00 til kl. 08.00 næsta dag. Fyrirkomulag um helgar er óbreytt. Þannig er heilsugæslulæknum á Akranesi tryggð næturhvíld fyrir næsta vinnudag en móttaka er yfirleitt bókuð nokkra daga fram í tímann. Vaktahafandi aðstoðarlæknir sjúkrasviðs sinnir á nóttunni virka daga tilfelli sem annars hefðu leitað til heilsugæslunnar.

Barnalæknir minnkaði við sig starfshlutfall vegna anna og starfar að meðaltali einn dag í mánuði við heilsugæslustöðina. Engin þjónusta barnalæknis er lengur við fæðingadeild. Þrátt fyrir auglýsingar tókst ekki að fá annan barnalækni til starfa. Samkomulag tókst við Sólveigu Sigurðardóttur sérfræðing í fötlunum barna á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins um að sinna greingarteymi barna.

Fjórar H2 (2 lækna) stöðvar HVE eru að jafnaði mannaðar með einum lækni. Þannig er aðeins einn læknir í starfi í senn á heilsugæslustöðvunum í Ólafsvík, Stykkishólmi, Hvammstanga og Búðardal.

Stöðugleiki er í mönnum á Hólmavík, Hvammstanga, Grundarfirði og Búðardal og þar sem eru starfandi sérfræðingar í heilsugæslu og greiðlega hefur gengið að fá afleysingalækna á þessa staði. Samið var við nokkra lækna fram á mitt sumar 2014 um að sinna Ólafsvík og Stykkishólmi eins og verið hefur.

Í upphafi árs var farið af stað með tilraunaverkefni á heilsugæslunni í Borgarnesi sem felst í því að þrjú hjúkrunarfræðingar skiptast á að taka við símtölum sem berast á stöðina frá kl. 08:00 til 15:00 virka daga. Um er að ræða símtöl önnur en frá 112 og þar sem beðið er um vaktlækni strax. Hjúkrunarfræðingarnir vinna samkvæmt ákveðinni verklagsreglu þar sem tilefni og lausnum er skipt í fjóra flokka eftir alvarleika. Eftir tilefnum eru málin afgreidd í gegnum síma eða einstaklingar boðaðir á stöðina annað hvort til hjúkrunarfræðings eða vaktlæknis. Ánægja er með þetta fyrirkomulag sem hefur skilað sér í skilvirkari þjónustu og stuðlar að því að einstaklingar sem á þurfa að halda komist fyrr að. Samantekt hefur sýnt að hjúkrunarfræðingar geta leyst um 70% af þessum símtölum. Þetta sýnir að hægt er að breyta hefðum og nýta hjúkrunarfræðinga betur til að létta ákveðnum verkum af heilsugæslulæknum. Ákveðið hefur verið að halda þessu áfram og verið er að undirbúa að taka þetta formlega upp á fleiri heilsugæslustöðvum innan HVE.

Í byrjun nóvember var gerð tilraun til að sameina bakvakt heilsugæslulækna í Ólafsvík og Grundarfirði um helgar. Var það í samræmi við álit og niðurstöðu starfshóps um sameiningu vaktsvæða og eflingu sjúkraflutninga á Snæfellsnesi. Var þessi skipan talsvert gagnrýnd og vegna tilmæla m.a. sveitastjórnarmanna var henni svo frestað til vorsins 2013. Komu þar til sjónarmið eins og rysjótt veðurfar og erfið vetrarfærð á svæðinu.

Í lok árs var gengið frá ráðningu næringarfræðings í hlutastarf. Sú heitir Ólöf Helga Jónsdóttir og hefur lokið



doktorsprófi í grein sinni. Gert er ráð fyrir að hún muni veita þjónustu um allt starfssvæði stofnunarinnar og verði með viðveru og ráðgjöf með reglubundum hætti á svæðinu öllu.

Á sjúkrasviði á Akranesi var læknamönnun óbreytt á lyflækningadeild og skurð- og svæfingadeild en á handlækningadeild hætti lýta- og skurðlæknir störfum í lok ágúst. Skurðlæknir hóf störf með einum aðgerðadegi í viku auk þátttöku í bakvöktum. Frá haustinu hóf sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingahjálp að taka bakvaktir um helgar, einu sinni í mánuði.

Á sjúkrasviði í Stykkishólmi var mönnun óbreytt en bakvakt yfirlæknis felld niður utan starfstíma háls- og bakdeildar.

Sæmilega gekk að manna störf aðstoðar- og deildarlækna á Akranesi. Miður er að ekki er lengur áhugi meðal þeirra að ráða sig til langs tíma og taka jafnframt þátt í starfi heilsugæslustöðvarinnar.

Fyrsti stofnanasamningur í nafni Heilbrigðisstofnunar Vesturlands var gerður við sjúkraliða á haustmánuðum. Hafinn var undirbúningur að gerð stofnanasamnings við aðrar starfsstéttir.

## Námskeið / endurmenntun

HVE hefur búið við knappan kost undanfarin misseri og ber sumt þess merki. Má þar nefna mikið aðhald í námskeiðs- og endurmenntunarkostnaði starfsmanna allt frá efnahagshruni. Slíkt aðhald er slæmt til lengri tíma og því var á árinu 2012 hafinn undirbúningur að því að finna leiðir til að setja meira fjármagn til þessa málaflokks.

Á árinu 2012 sóttu 82 starfsmenn Heilbrigðisstofnunar Vesturlands námskeið sem skipulögð voru í framhaldi af verkefninu „Fræðslustjóri að láni“. Um var að ræða níu námskeið, fjögur skyndihjálparnámskeið, fjögur námskeið í mannlegum samskiptum og eitt „Fagnámskeið 3“. Forsaga þessa er sú að í upphafi árs 2011 gerði HVE verksamning við þróunar- og símenntunarsjóðinn Ríkismennt um þetta verkefni. Símenntunarmiðstöð Vesturlands annaðist skipulag og framkvæmd námskeiða í samvinnu við framkvæmdastjóra hjúkrunar á HVE, Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Farskólann á Norðurlandi vestra. Fyrsta námskeiðið var haldið á Hvammstanga í júní 2012 en önnur fóru af stað í september. Í október gekk framkvæmdastjóri hjúkrunar frá samningi við Ríkismennt um styrkveitingu fyrir námskeiðin á haustönn 2012. Samningurinn fólst í því að Ríkismennt styrkti skilgreind námskeið í fræðsluáætlun um 100% gagnvart ófaglærðum starfsmönnum sem eru félagsmenn í stéttarfélagi innan Starfsgreinasambands Íslands á Akranesi, Stykkishólmi, Hólmavík og á Hvammstanga, alls 75 starfsmenn. Að auki var öðrum starfsmönnum á Hólmavík, Hvammstanga og í Stykkishólmi gefinn kostur á að sækja námskeiðin sem farið var með þangað. Alls 58 starfsmenn sóttu skyndihjálparnámskeið, 42 sóttu námskeið í mannlegum samskiptum og 8 starfsmenn á Hvammstanga sóttu Fagnámskeið 3 fyrir ófaglærða. Hluti starfsmanna sótti tvö námskeið og heildarfjöldi skráninga var 108.

## Endurbætur og viðhald

Fasteignir ríkissjóðs unnu að ýmsum brýnum verkefnum á öllum starfsstöðvum HVE. Á Akranesi var boðin út utanhússmálun, áklæðning og lekapétting hluta húsbýggingar. Kyndistöðin gamla var klædd og innréttuð og mun hýsa viðhaldsmiðstöð hússins. Það verk var hafið en ekki lokið fyrir árslok. Talsvert var unnið að undirbúnings- og hönnunarvinnu varðandi endurbætur á handlækninga- og lyflækningadeildum ásamt 1. hæð í sömu álmu. Innréttingar og vinnuaðstaða eru að mestu leyti frá því um 1970. Ekki náðist að vinna því máli frekari framgang á árinu en smærri viðhaldsverkefni voru unnin á legudeildunum, t.d. voru býtibúr á báðum deildum endurnýjuð og slysideildin á 1. hæð fékk andlitslyftingu. Þá var sett upp ný rafmagnstafla fyrir allt



húsið en það var stórt og kostnaðarsamt verkefni. Í Borgarnesi var stækkun starfsmannaíbúðar í heilsugæslunni viðamesta verkefnið auk viðgerða á hitalögnum og öðrum smærri atriðum. Í Stykkishólmi var unnið að ýmsu almennu viðhaldi en haldið að sér höndum í ljósi hins stóra breytingaverkefnis sem á döfinni er. Þar var þess vænst að hægt yrði að fara í lóðafrágang þegar hönnunarvinna lá fyrir á haustdögum en það biður vors. Heilsugæslustöðin á Hólmavík var öll máluð að innan og neysluvatnslagnir endurnýjaðar en stærsta verkefnið var endurnýjun eldhúss og því verki er ekki lokið. Í Búðardal og á Reykhólum var unnið að nokkrum almennum viðhaldsverkefnum innandyra og utan og það sama á við um Grundarfjörð. Í Ólafsvík var sett upp brunaviðvörðunarkerfi á heilsugæslustöð ásamt því að skipt var um kerfisloft í húsinu og lýsing bætt. Þá var eldhúsinnrétting endurnýjuð og unnið að viðhaldsverkefnum á húsinu innan sem utan. Á sjúkra-deildinni á Hvammstanga var unnið að lagfæringum innan dyra á baðaðstöðu, setustofu og dyrasíma- og brunaviðvörðunarkerfi lagfært og málað að utan. Á heilsugæslunni var hafinn undirbúningur að gólfefnaskiptum en verkið var ekki hafið.

## Tækjabúnaður

Í fjárhagsþrengingum og niðurskurði síðustu ára hefur endurnýjun tækjabúnaðar setið á hakanum. Tölvusneiðmyndataeki sem myndgreiningardeild á Akranesi var gefið árið 2007 er nú komið á tíma og þarfnast endurnýjunar. Þá er ómskoðunartæki frá árinu 2003 orðið viðhaldsfrekt og úr sér gengið. Telja verður útilokað að reka deildaskipt sjúkrahús með vaktþjónustu án þess að búnaður sem þessi sé til staðar. Á skurðstofu þarf að endurnýja og bæta við búnaði til kvíðsjáraðgerða en þeim hefur fjölgað síðustu misseri. Röntgenbúnaður heilsugæslutöðva er einnig orðinn gamall og úr sér genginn.

Á Hvammstanga tókst að tryggja fjárveitingu til kaupa á stafrænum myndvinnslubúnaði í röntgen enda gamli framköllunarbúnaðurinn ónýtur. Til alvarlegrar athugunar hefur komið að loka fyrir röntgenþjónustu í Borgarnesi vegna gæðavandamála og lélegs búnaðar.


## Nemar í klínísku starfsnámi

Eins og undanfarin ár hafa allmargir nemar verið í klínísku starfsnámi á HVE. Á árinu komu 25 háskólanemar í klínískt starfsnám á húkrunarsviði á HVE á Akranesi. Fjórir voru í framhaldsnámi í ljósmóðurfraeðum við Háskóla Íslands, fimm hjúkrunarnemar voru frá Háskóla Íslands og 15 frá Háskólanum á Akureyri. Þá kom hjúkrunarnemi frá University of Agder í Noregi á heilsugæsluna á Akranesi. Klíníska starfsnámið var frá einni viku upp í fjórar vikur og samanlagður vikufjöldi taldi 66 vikur. Þá kom einn hjúkrunarnemi frá Háskóla Íslands í starfsnám á heilsugæslustöðina í Borgarnesi. Á háls og bakdeild HVE Stykkishólmi komu fjórir sjúkrapjálfaranemar á tvö klínísk tímabil. Tveir 3ja árs nemar komu í hvort skipti, annars vegar í byrjun árs í 8 vikna klíníska kennslu á öðru klíníska tímabili. Hins vegar að hausti í 6 vikna klíníska kennslu á fyrsta klíníska tímabili. Verknámstímabil í sjúkrapjálfunu eru 4 í heildina. Tveir lækningaritarnemar eru við störf á HVE og taka starfsnám sitt samhliða. Að venju komu nokkrir lækannemar til starfsnáms á heilsugæslustöðina á Akranesi. Dvöldu þeir 2 vikur í senn, fylgdust með eldri lækni að störfum en fengu einnig að spreyta sig sjálfstætt með umsjón. Mörg undanfarin ár hafa læknanemar verið í starfsnámi á svæfingadeild en engir komu 2012.

## Gjafir til HVE

Sem fyrr bárust Heilbrigðisstofnun Vesturlands góðar gjafir á árinu.

Slysavarnarkonur í Slysavarnardeildinni Líf á Akranesi færðu nýburum sem fæðast á Akranesi gjafapakka sem inniheldur upplýsingar um slysavarnir á heimili og í umhverfi barna ásamt handunninni gjöf handa hverju barni sem félagskonur unnu sjálfar.



Krabbameinsfélag Hvammstangalæknishéraðs færði HVE Hvammstanga að gjöf hjartalínuritstæki. Krabbameinsfélagið gaf stofnuninni einnig kvenskoðunarbekk til notkunar við krabbameinsskoðanir. Verðmæti gjafanna nam rúmlega 2,5 millj. kr.

Hollvinasamtök HVE Hvammstanga gáfu hátt á fjórðu milljón króna til kaupa á nýju bjöllu- og fjarskiptakerfi til notkunar á hjúkrunar- og sjúkradeild. Á móti kom framlag ríkisins, en bjöllumakerfið kostaði með uppsetningu um 8 millj. kr. Hollvinasamtökin gáfu heilsugæslunni einnig nýjan blóðtökustól, áætlað verðmæti um 600 þús. kr.

Kvenfélagið Freyja færði HVE á Hvammstanga mixara til notkunar í eldhúsi og Kvennaband V-Hún. gaf stofnuninni DVD spilara í jólagjöf.

Lionsklúbbur Akraness afhenti skurðeild HVE á Akranesi búnað til liðskiptaaðgerða að verðmæti um 3,5 millj. kr.

Fulltrúar Starfsmannafélags Sementsverksmiðjunnar á Akranesi afhentu lyflækningadeild HVE Akranesi að gjöf búnað að andvirði um 7,5 millj. kr. Um er að ræða þrjú hlustun hjartalínuritskerfi og lífsmarkamæla eða gjörgæslusamstæðu.

Lionsklúbburinn Agla í Borgarnesi færði heilsugæslustöð HVE Borgarnesi að gjöf Huntleigh doppler sem er tæki fyrir bæði fósturhlustun og æðahlustun að verðmæti um það bil 180 þús. kr.

Lionsklúbburinn Eðna á Akranesi færði skurðeild HVE á Akranesi að gjöf Endoeye V-Laparoscope, sem er tæki til kviðsjárspeglunar. Verðmæti gjafarinnar er rúml. 1,9 millj. kr.

Eftirtaldir aðilar gáfu 3G sendi fyrir Lifepak hjartastuðtæki í sjúkrabíla. Með tækinu er hægt að senda allt að 12 hjartalínurit til úrlesturs beint á sjúkrahús. Verðmæti hvers tækis er um 160 þús. kr.

Lionsklúbbur Ólafsvíkur færði HVE Ólafsvík búnað fyrir sjúkrabíl í Ólafsvík.

Hjón í Dalasýslu sem ekki vilja láta nafns síns getið gáfu búnað í sjúkrabíl í Búðardal.

Lionsklúbburinn í Búðardal gaf búnað í sjúkrabíl í Búðardal.

Kvenfélagið Gleymmérei í Grundarfirði gaf búnað í sjúkrabíl í Grundarfirði.

Kvenfélagið Freyja á Hvammstanga gaf búnað í sjúkrabíl á Hvammstanga.

Stofnunin færir öllum þessum aðilum bestu þakkir fyrir hlýhug og stuðning.



# HEILSUGÆSLUÞJÓNUSTA HVE

Innan HVE eru átta heilsugæslustöðvar. Samkvæmt 4. grein laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 nær heilsugæsluþjónusta yfir almennar lækningar, hjúkrun, heilsuvernd og forvarnir, bráða- og slysamóttöku og aðra heilbrigðisþjónustu sem veitt er á vegum heilsugæslustöðva.

Eftirfarandi grunnþjónusta er veitt á öllum heilsugæslustöðvum HVE:

- Læknisþjónusta
- Hjúkrunarþjónusta
- Heimahjúkrun
- Mæðravernd
- Ung- og smábarnavernd
- Skólaheilsuvernd
- Heilsuvernd og forvarnir

Á heilsugæslustöðvum HVE starfa samtals 76 starfsmenn í 53,52 stöðugildum auk 39 sjúkraflutningamanna á bakvöktum. Heildarfjöldi heilsugæslulækna á svæðinu er 13,5 stöðugildi. Auk þess koma allnokkrir afleysingalæknar að störfum á heilsugæslustöðvum HVE.

Nánari upplýsingar um starfsemi einstakra heilsugæslustöðva innan HVE er að finna á næstu blaðsíðum ásamt tölulegum upplýsingum um sjúkraflutninga á næstu síðu.

## Tölur úr starfsemi heilsugæslustöðva HVE 2012

	Akranes heilsug.	Borgarnes heilsug.	Búðard. heilsug.	Grundarfj. heilsug.	Hólmav heilsug.	Hvammst heilsug.	Ólafsvík heilsug.	Stykkish heilsug.	Samtals allir
<b>Heildarfjöldi samskipta</b>									
Karlar	20.716	11.142	3.055	3.522	3.086	4.538	5.596	4.964	56.619
Konur	29.034	16.345	3.579	4.085	3.746	6.322	7.928	6.358	77.397
<b>Samtals:</b>	<b>49.750</b>	<b>27.487</b>	<b>6.634</b>	<b>7.607</b>	<b>6.832</b>	<b>10.860</b>	<b>13.524</b>	<b>11.322</b>	<b>134.016</b>
<b>Teg. samskipta:</b>									
Símtöl	16.528	10.061	2.206	2.561	2.463	4.190	5.442	2.519	45.932
Viðtöl	19.941	12.930	3.384	3.818	2.550	4.344	4.929	3.200	54.609
Vitjun	8.322	2.237	241	366	246	687	254	1.776	14.121
Færslur án samskipta	2.227	1.229	519	229	952	806	1.474	380	7.816
Önnur samskipti	735	54	3	276	416	385	916	3.045	5.830
Rafræn samskipti	1.997	976	281	357	205	448	509	402	5.175
<b>Heildarfj.</b>	<b>49.750</b>	<b>27.487</b>	<b>6.634</b>	<b>7.607</b>	<b>6.832</b>	<b>10.860</b>	<b>13.524</b>	<b>11.322</b>	<b>134.016</b>
<b>Þjónustuflokkar:</b>									
Lækningar	22.485	12.292	5.185	4.050	4.530	6.771	7.167	3.662	66.142
Hjúkrun	2.073	5.912	295	862	501	895	1.327	992	12.857
Mæðravernd	1.460	558	85	99	61	88	264	134	2.749
Ungbarnavernd	1.987	656	197	247	111	129	463	246	4.036
Heimahjúkrun	7.460	2.178	63	161	724	877	99	1.709	13.271
Skólaheilsuvernd	140	440	42	14	72	107	89	80	984
Starfsmannaheilsuvernd	505	0	0	0	0	0	0	0	505
Rannsókn	0	0	0	190	387	355	634	2.212	3.778
Annað	13.640	5.451	767	1.984	446	1.638	3.481	2.287	29.694
<b>Samtals:</b>	<b>49.750</b>	<b>27.487</b>	<b>6.634</b>	<b>7.607</b>	<b>6.832</b>	<b>10.860</b>	<b>13.524</b>	<b>11.322</b>	<b>134.016</b>

## Sjúkraflutningar á HVE 2010-2012

	2010	2011	2012	Breyting 2011-2012	
Akranes	643	767	766	-1	-0,1%
Borgarnes	317	287	319	32	11,1%
Búðardalur	76	99	122	23	23,2%
Grundarfjörður	38	37	70	33	89,2%
Hólmavík	44	47	38	-9	-19,1%
Hvammstangi	88	107	151	44	41,1%
Ólafsvík	122	153	184	31	20,3%
Stykkishólmur	119	139	124	-15	-10,8%
<b>Samtals:</b>	<b>1.447</b>	<b>1.636</b>	<b>1.774</b>	<b>138</b>	<b>8,4%</b>





# HEILSUGÆSLUSTÖÐ HVE AKRANESI



Þjónustusvæði: Starfssvæði stöðvarinnar nær frá botni Hvalfjarðar að Hafnarfjalli.  
 Fjöldi íbúa á starfssvæðinu þann 31. des. 2012 var 7.235.  
 Heildarfjöldi skráðra samskipta á árinu 2012 var 49.750.

Fjöldi starfsmanna stöðvarinnar m.v. 31. des. 2012 er 25 í 17,7 stöðugildum, þar af fjórir til fimm heilsugæslulæknar auk fimm sjúkraflutningamanna á bakvöktum.

## HVE Akranesi - heilsugæslustöð Samanburður á starfsemi 2009 - 2012

Heildarfjöldi samskipta	2009	2010	2011	2012	Breyting 2011-2012	
Karlar	23.093	20.908	21.603	20.716	-887	-4,1%
Konur	29.082	27.597	28.547	29.034	487	1,7%
<b>Samtals</b>	<b>52.175</b>	<b>48.505</b>	<b>50.150</b>	<b>49.750</b>	<b>-400</b>	<b>-0,8%</b>
<b>Tegund samskipta</b>						
Símtöl	14.306	14.481	15.054	16.528	1.474	9,8%
Viðtöl	19.654	21.338	21.701	19.941	-1.760	-8,1%
Vitjun	7.549	7.306	8.643	8.322	-321	-3,7%
<b>Samtals</b>	<b>41.509</b>	<b>43.125</b>	<b>45.398</b>	<b>44.791</b>	<b>-607</b>	<b>-1,3%</b>



# HEILSUGÆSLUSTÖÐ HVE BORGARNESI



Þjónustusvæði: Starfssvæði stöðvarinnar samanstendur af Borgarbyggð, Skorradalshreppi og Eyja- og Miklaholtshreppi.

Fjöldi íbúa á starfssvæðinu þann 31. des. 2012 var 3.684.

Heildarfjöldi skráðra samskipta á árinu 2012 var 27.487.

Fjöldi starfsmanna stöðvarinnar m.v. 31. des. 2012 er 18 í 14,45 stöðugildum, þar af að jafnaði þrjú heilsugæslulæknar, auk tveggja sjúkraflutningamanna á bakvöktum.

## HVE Borgarnesi - heilsugæslustöð Samanburður á starfsemi 2009 - 2012

Heildarfjöldi samskipta	2009	2010	2011	2012	Breyting 2011-2012	
Karlar	12.741	11.009	11.154	11.142	-12	-0,1%
Konur	17.853	15.017	14.968	16.345	1.377	9,2%
<b>Samtals</b>	<b>30.594</b>	<b>26.026</b>	<b>26.122</b>	<b>27.487</b>	<b>1.365</b>	<b>5,2%</b>
<b>Tegund samskipta</b>						
Símtöl	8.419	9.377	9.405	10.061	656	7,0%
Víðtöl	12.370	11.929	12.482	12.930	448	3,6%
Vitjun	3.986	2.319	2.288	2.237	-51	-2,2%
<b>Samtals</b>	<b>24.775</b>	<b>23.625</b>	<b>24.175</b>	<b>25.228</b>	<b>1.053</b>	<b>4,4%</b>



# HEILSUGÆSLUSTÖÐ HVE BÚÐARDAL



Þjónustusvæði: Starfssvæði stöðvarinnar nær frá Álftafirði í suðvestri og Bröttubrekku í suðri og allt norður og vestur á Litlanes á milli Kerlingarfjarðar og Kjálkafjarðar. Stöðin þjónar þannig íbúum Dalabyggðar og Reykhólahrepps.

Fjöldi íbúa á starfssvæðinu þann 31. des 2012 var 945.  
Heildarfjöldi skráðra samskipta á árinu 2012 var 6.634.

Fjöldi starfsmanna stöðvarinnar m.v. 31. des. 2012 er 5 í 3,8 stöðugildum, þar af einn heilsugæslulæknir og auk þess fjórir sjúkraflutningamenn á bakvöktum.

## HVE Búðardal - heilsugæslustöð Samanburður á starfsemi 2009 - 2012

Heildarfjöldi samskipta	2009	2010	2011	2012	Breyting 2011-2012	
Karlar	3.963	3.109	2.950	3.055	105	3,6%
Konur	4.363	3.972	3.636	3.579	-57	-1,6%
<b>Samtals</b>	<b>8.326</b>	<b>7.081</b>	<b>6.586</b>	<b>6.634</b>	<b>48</b>	<b>0,7%</b>
<b>Tegund samskipta</b>						
Símtöl	2.078	2.068	2.229	2.206	-23	-1,0%
Viðtöl	4.051	3.845	3.275	3.384	109	3,3%
Vitjun	401	268	268	241	-27	-10,1%
<b>Samtals</b>	<b>6.530</b>	<b>6.181</b>	<b>5.772</b>	<b>5.831</b>	<b>59</b>	<b>1,0%</b>



# HEILSUGÆSLUSTÖÐ HVE GRUNDARFIRÐI



Þjónustusvæði: Starfssvæði stöðvarinnar nær frá Berserkseyri að Búlandshöfða og í Eyrarsveit á Snæfellsnesi. Fjöldi íbúa á starfssvæðinu þann 31. des 2012 var 905. Heildarfjöldi skráðra samskipta á árinu 2012 var 7.607.

Fjöldi starfsmanna stöðvarinnar m.v. 31. des. 2012 er 6 í 3,2 stöðugildum þar af einn heilsugæslulæknir og fimm sjúkraflutningamenn á bakvöktum.

## HVE Grundarfirði - heilsugæslustöð Samanburður á starfsemi 2009 - 2012

Heildarfjöldi samskipta	2009	2010	2011	2012	Breyting 2011-2012	
Karlar	3.836	3.259	3.176	3.522	346	10,9%
Konur	4.773	3.804	4.015	4.085	70	1,7%
<b>Samtals</b>	<b>8.609</b>	<b>7.063</b>	<b>7.191</b>	<b>7.607</b>	<b>416</b>	<b>5,8%</b>
<b>Tegund samskipta</b>						
Símtöl	919	2.234	2.590	2.561	-29	-1,1%
Viðtöl	5.022	3.663	3.385	3.818	433	12,8%
Vitjun	134	411	363	366	3	0,8%
<b>Samtals</b>	<b>6.075</b>	<b>6.308</b>	<b>6.338</b>	<b>6.745</b>	<b>407</b>	<b>6,4%</b>



# HEILSUGÆSLUSTÖÐ HVE HÓLMAVÍK



Þjónustuvæði: Starfssvæði stöðvarinnar eru Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð.  
Fjöldi íbúa á starfssvæðinu þann 31. des 2012 var 672.  
Heildarfjöldi skráðra samskipta á árinu 2012 var 6.832.

Fjöldi starfsmanna stöðvarinnar m.v. 31. des 2012 er 3 í 2,35 stöðugildum og auk þess einn heilsugæslulæknir og sex sjúkraflutningamenn á bakvöktum.

## HVE Hólmavík - heilsugæslustöð Samanburður á starfsemi 2009 - 2012

Heildarfjöldi samskipta	2009	2010	2011	2012	Breyting 2011-2012	
